

Mál nr. 174/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega og ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.

Vátryggingartaki (X)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Frávísun að hluta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 16. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. júní 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. júlí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M krefjist fullra bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu X og slysátryggingu launþega vegna slyss sem hann hafi orðið fyrir við vinnu sína hjá X hinn 24. apríl 2023. M hafi verið að vinna við plöstunarávél og hafi flækt finger í vélinni þegar hann var að skipta um plastfilmur í vélinni á milli vörutegunda. Lögregla og Vinnueftirlit voru kölluð til vegna slyssins. Í lögregluskýrslu dags. 26. apríl 2025 er haft eftir stjórnendum hjá X að umrædd vél sé notuð til að búa til plastpakkningar utan um matvæli, en hún lími saman plastrenning með plasthólfum og plast sem fari ofan á plasthólfin. M hafi verið að skipta úr gulu yfirplasti yfir í glært en hafi ekki slökkt á vélinni á meðan. Telji þeir því að hann hafi fylgt plastinu inn í vélina þar sem færanlegur járnstimpill skjótist upp og þrýstist að hitapönnu sem bræði plasthlutana saman. Telji þeir þá að M hafi lent með fingurna milli hitapönnunnar og járnstimpilsins. Afleiðingar þessa voru þær að M missti framan af tveimur fingrum. Í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 26. apríl 2024, eru gerðar nokkrar athugasemdir við aðbúnað á vinnustaðnum. Segir þar að klemmihætta sé við pökkunarávél sem valdi slysaþættingu, og hlíf vanti framan við bita sem matvara fari undir og inn í vélina. Voru X gefin fyrirmæli um að útbúa vélar með hlífum eða öðrum viðeigandi búnaði til að koma í veg fyrir klemmihætta.

Í málskoti kemur þá fram að V hafi, með bréfi dags. 5. desember 2024, tilkynnt um að bótaréttur M úr slysátryggingu launþega yrði skertur um helming þar sem hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að fylgja ekki verklagsreglum X við framkvæmd umrædds verks. Er því hafnað að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, en sönnunarbyrði þess hvíli á V. X beri skylda til þess að tryggja öryggi og aðbúnað á vinnustað þannig að heilsu starfsfólks þess sé ekki hættu búin. Umrætt sinn hafi M verið að sinna því verki sem honum hafi verið falið, með þau áhöld og tæki sem hafi verið til reiðu. Hafi hann ekki haft ástæðu til annars en að ætla að umrætt tæki væri búíð tilskildum öryggisbúnaði þannig að notkun þess hefði ekki hættu í för með sér. Verði meginorsök tjóns hans því rakin til vanbúnaðar á vélinni sem X beri ábyrgð á.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í stað þess að stöðva vélina og líma gula plastið á það glæra, eins og honum hafi verið kennt að gera, hafi M reynt að skipta um plast með vélina í gangi. Hafi M því stungið hendi sinni inn í pökkunarávél sem var í gangi, þrátt fyrir að hafa hlotið fræðslu og þjálfun um öryggisreglur og þær hættur sem í slíkri háttsemi felist. Hafi M með þessu stórkostlega gáleysi verið valdur að slysi sínu og því hafi V skert bótarétt hans úr slysátryggingu launþega um helming. Hvað varði kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X þá hafi krafa þess efnis ekki borist V áður og hún því ekki verið tekin til meðferðar þess. Er þess því krafist að þeirri kröfu verði vísað frá nefndinni.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað sem röngu og ósönnuðu að M hafi hlotið fræðslu eða þjálfun um öryggisreglur. Er þá ítrekað að umrædd vél hafi verið vanbúin líkt og fram komi í skýrslu Vinnueftirlitsins.

Álit.

Í málskoti er gerð krafa um annars vegar óskertar bætur úr slysátryggingu launþega og hins vegar bætur úr ábyrgðartryggingu X. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum er það skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að varnaraðili hafi hafnað kröfu málskotsaðila eða að ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því krafa og gögn vegna hennar bárust vátryggingafélagi. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að krafa hafi ekki verið gerð á hendur því um bætur úr ábyrgðartryggingu X. Þeirri staðhæfingu hefur ekki verið mótmælt af hálfu M og liggja engin

gögn fyrir nefndinni er hnekki henni. Er kröfu M hvað varðar úrskurð um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X því vísað frá nefndinni.

Kemur þá til skoðunar hvort heimilt sé að skerða bætur úr slysaftryggingu launþega á grundvelli þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins. Í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 kemur fram að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið megi lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Við úrlausn á þessum atriðum skal lítið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Tildrög slyssins virðast að fullu upplýst og óumdeild, þ.e. að M hafi verið að skipta um plast í plöstunarfél, sem var í gangi og ekki búin viðeigandi hlífðarbúnaði, þegar fingur hans klemmdust í vélinni. Þá er óumdeilt að M hafi hafið störf hjá X í marsmánuði 2023, og hafði því aðeins verið við störf þar í 25-54 daga er slysið atvikaðist. Í bréfi V til lögmanns M, dags. 5. desember 2024, er þá eftirfarandi haft eftir stjórnanda hjá X hvað varðar þjálfun: „það er ákveðið verklag þegar skipt er um filmuna, vélin er stoppuð og filmur límdar saman. Þetta verklag er þó ekki til skriflegt en starfsmanni hafði verið kennt hvernig á að skipta um filmuna.“

Sönnunarbyrði þess að M hafi umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, svo skerðing bóta komi til álita, hvílir á V. Svo gáleysi teljist stórkostlegt þarf háttsemi M að hafa vikið í verulegum atriðum frá því sem ætlast mætti til af honum. Þegar lítið er heildstætt til framangreindra þátta, þ.e. þess að M hafði nýlega hafið störf hjá X og ekkert liggur fyrir um reynslu hans af sambærilegum störfum, þess að lítið liggur fyrir um það hvernig þjálfun hans var háttað, þess að ekki liggur fyrir nefndinni skriflegt áhættumat eða verklagsreglur vegna umrædds verkþáttar, svo og þess að umrædd vél virðist hafa verið vanbúin á slysdegi, þ.e. verið hættulegri en M hafi e.t.v. getað gert sér grein fyrir, verður ekki talið að slík sönnun hafi tekist. Þrátt fyrir að hann hafi skipt um plast í vélinni meðan hún var í gangi telst sök M því ekki slík að skerðing bóta á grundvelli 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 sé heimil.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr slysaftryggingu launþega X hjá V. Kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 2. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir